

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1976 er veitt:

	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi .....	34 381
01 Forsætisráðuneytið .....	25 686
02 Menntamálaráðuneytið .....	2 109 378
03 Utanríkisráðuneytið .....	184 390
04 Landbúnaðarráðuneytið .....	857 577
05 Sjávarútvegsráðuneytið .....	690 795
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	1 403 987
07 Félagsmálaráðuneytið .....	590 886
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	3 088 672
09 Fjármálaráðuneytið .....	132 494
10 Samgönguráðuneytið .....	1 577 634
12 Viðskiptaráðuneytið .....	200 503
13 Hagstofa Íslands .....	2 362
14 Ríkisendurskoðun .....	2 670
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun .....	713 869

Samtals 11 615 284

*Gjört í Reykjavík 17. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.